

Hafrannsóknastofnun  
Fornubúðum 5  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 28.6.2023  
UST202302-111/G.S.O.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 25. apríl 2023 þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti í tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar á Stað í Grindavík. Þann 14. mars 2023. Þann 28. júní barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Í ákvæði reglugerðar nr. 798/1999, grein 9.2 (um lagnir) er krafa um að fráveitu stöðvarinnar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Í grein 9.7 er heimild sem leyfir að þar sem ómögulegt er vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla kröfur í grein 9.2 þá má leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Umhverfisstofnun hefur ekki verið upplýst um samþykkti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja fyrir núverandi fyrirkomulagi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður þessu frávikið lokið í byrjun september.**
2. Í ákvæði í grein 4.3 í starfsleyfi er krafa um að taka skuli sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennslinu á þriggja ára fresti með 2019 sem upphafsár. Mælingar sem gera átti á árinu 2022 voru ekki gerðar á tilsettum tíma. **Mælingunum hefur nú verið skilað og frávikin því lokað.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fyrra fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikin ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur